

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Bikarkeppni KSÍ–

Lagt er til við stjórn KSÍ að grein 23.2.7. breytist þannig, yfirstrikað fellur út og ská- og feitletrað bætist við:

23.2.7. Úrslitaleikur og undanúrslitaleikir bikarkeppninnar ~~skulu~~ **skal** fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í **ágúst eða** september ~~eða október~~. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki í undanúrslitum **úrslitaleikinn** fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar aðstæður. **ef liðin sem leika til úrslita óska þess sérstaklega**. Mótanefnd annast framkvæmd leikjanna í samráði við leikaðila.

Greinargerð:

Á sínum tíma voru Grindavík og FH flutningasaðilar að tillögu þess efnis að undanúrslitaleikirnir færu fram á Laugardalsvelli. Okkur þykir þessi tilraun hafa misheppnast og viljum við færa fyrirkomulagið til fyrra horfs og að það lið sem fyrr kemur upp úr pottinum í drættinum fái heimaleik. Stemmning og umgjörð undanúrslitaleikjanna á Laugardalsvelli hefur ekki verið eins og vænst var og þá er þetta ósanngjarnt gagnvart landsbyggðarliðunum.

Þá leggjum við til að úrslitaleikur bikarkeppninnar verði færður framur í dagatalið þegar veðrið er betra. Helst er lítið til að hafa hann sömu helgi og menningarnótt Reykjavíkur fer fram. Mikil stemmning er í höfuðborginni þessa helgi og bikarúrslitaleikur yrði góð viðbót við dagskrána. Bent hefur verið á að með því að færa leikinn til gæti komið upp erfið staða fyrir einstök lið vegna Evrópusætis, sbr. leik ÍBV og ÍA á sínum tíma. En við treystum knattspyrnumönnum, þeir leika ávallt af fullum heiðarleika. Það er ekki hægt að ætla mönnum annað.

Laugardalsvöllur hefur verið vettvangur úrslitaleiksins undanfarna áratugi. Þegar tvö „minni“ lið komast alla leið í úrslitaleikinn og búist er við fáum áhorfendum vantar upp á stemmninguna og því gæti verið kjörið að færa úrslitaleikinn á minni leikvang sem hentar betur.

Grindavík, FH, KR, Fram, ÍBV, Fylkir, Keflavík, Valur, Stjarnan.